

Sverrir Pálsson (1924-2017), skólastjóri Akureyri

2020/31

Sverrir Pálsson, fæddist 28. júní 1924 á Akureyri, hann lést 24. mars 2017 á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri. Faðir Sverris var Páll Sigurgeirsson f. 16.2.1896, d. 21.2.1982, kaupmaður. Móðir Sverris var Sigríður Oddsdóttir f. 10.5.1890, d. 30.10.1975, húsmóðir. Sverrir átti einn albróður, tvo hálfbræður og eina hálsystur.

Sverrir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1942, viku fyrir 18 ára afmælið sitt, og cand. mag.-prófi í íslenskum fræðum frá HÍ árið 1947, rétt orðinn 23 ára. Hafði þá enginn lokið því prófi svo ungur frá HÍ.

Sama haust hóf hann kennslu við Gagnfræðiskóla Akueyrar og vann þar alla tíð.

1963 varð hann skólastjóri Gagnfræðiskólans og sinnti því starfi til 1989.

1989-1991 var hann stundakennari við skólann, eftir það lauk hann störfum og hafði þá verið starfsmaður skólans lengst allra eða í 44 ár.

Meðfram vinnu sinni sem kennari og skólastjóri sat hann í nefndum og stjórnun félaga um skólamál og einnig fékkst hann við ritstörf. Hann var tollvörður á Húsavík tvö sumur, fréttamaður Morgunblaðsins á Akureyri 1963-1983. Prófvörður við HA 1993-2004. Sat í stjórn Minjasafnsins á Akureyri 1962-1982, þar af formaður 1978-1982. Hann var forstöðumaður sögusýningar aldarafmælis Akureyrarkaupstaðar 1962 og í Þjóðhátíðarnefnd Akueyrar og Eyjafjarðarsýslu 1973-1974.

Sverrir var mikill tónlistarunnandi, var í mörgum kórum og sat í stjórn þeirra.

Hann samdi fimm ljóðabækur, þýddi og frumsamdi bækur, skrifaði fjölda greina og frásagna. Hann tók upp á því að læra listmálun árið 2001 og hélt einkasýningu 2007.

Hann var kvæntur Ellen Lisbet Rasmussen f. 30. janúar 1926, d. 24. nóvember 2018. Giftu þau sig 19. október 1947. Þau eignuðust fjögur börn, tvær stúlkur og tvo drengi.

Afhendingin barst frá Oddi Pálssyni, sonarsyni Sverris. Áður komnar afhendingar sama skjalamyndara eru: 2012/65, 2015/28, 2017/96 og 2019/13.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

19. ágúst 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
A-Sverrir Pálsson				
A-Sverrir Pálsson		1936- 1944		
Sverrir Pálsson (1924-2017), skólastjóri			2020 / 31	
2020 -	A/1 1	1940- 1940	Sendibréf frá Sverri þar sem viðtakandi er ávarpaður „Yðar hágöfgi“	Líklega skólaverkefni því það hefur verið yfirfarið og gefin einkunn
2020 -	A/1 2	-	Stílabók með vísu- og ljóða- stílum	
2020 -	A/1 3	-	Stílabók með hljóðfræði, II.bók	
2020 -	A/1 4	-	Stílabók með málkönnun	
2020 -	A/1 5	-	Íslenskir stílar	
2020 -	A/1 6	-	Stílabók með skólastílum	
2020 -	A/1 7	1936- 1937	Íslensk stafsetning gerð af Sverri Pálssyni I. bekk a	
2020 -	A/1 8	1938- 1939	Íslenskir stílar	
2020 -	A/1 9	1939- 1940	Íslenskir stílar	
2020 -	A/1 10	1940- 1941	Íslenskir stílar IV. bekkur MA	
2020 -	A/1 11	1941- 1942	Íslenskir stílar 6. bekkur MA	
2020 -	A/1 12	1942- 1942	Íslenskir stílar 6. bekkur MA	
2020 -	A/1 13	1942- 1942	Íslenskir stílar	
2020 -	A/1 14	1944- 1944	Bókmenntasaga Íslendinga - fyrirlestrar dr.phil. Steingrímur J. Þorsteinsson	